# Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

## Ársreikningur 2017

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
kt. 480284-0549
Austurvegi 65, 800 Selfossi

**Efnisyfirlit** bls.


Skýrsla stjórnar .......... 2
Áritun endurskoðanda .......... 3 - 4
Rekstrarreikningur .......... 5
Efnahagsreikningur .......... 6 - 7
Sjóðstreymi .......... 8
Skýringar og sundurliðanir .......... 9 - 14



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
kt. 480284-0549
Austurvegi 65, 800 Selfossi

# Skýrsla stjórnar

### Meginstarfsemi félagsins

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfssvæði embættisins eru sveitarfélög á Suðurlandi.

### Starfsemin á árinu

Rekstrarafkoma eftirlitsins var jákvæð um 4,3 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé neikvætt um 38,3 m.kr. í lok ársins.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Fjöldi ársverka var 6,5 á árinu.

### Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestir hér með ársreikning fyrir árið 2017 með áritun sinni.

Selfossi, 31. maí 2018

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun endurskoðanda

## Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

*Álit*
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu eftirlitsins á árinu 2017, efnahag þess 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur, og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

*Grundvöllur álits*
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð eftirlitinu samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum eftirlitsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum eftirlitsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

*Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins*
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

# Áritun endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Selfossi, 31. maí 2018

**PricewaterhouseCoopers ehf.**

Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | Áætlun 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Eftirlitsgjöld og leyfi | 4 | 82.058.999 | 75.287.290 | 69.719.296 |
| Framlög sveitarfélaga til rekstrar | | 22.261.000 | 22.261.000 | 19.700.000 |
| Framlög sveitarfélaga vegna Brúar lífeyrissjóðs | 5 | 34.936.090 | 0 | 0 |
| Söluhagnaður | | 255.000 | 0 | 305.000 |
| | | 139.511.089 | 97.548.290 | 89.724.296 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 75.627.635 | 72.859.412 | 69.999.879 |
| Lífeyrisauki til Brúar lífeyrissjóðs | 5 | 34.936.090 | 0 | 0 |
| Akstur og dagpeningar | | 155.850 | 500.000 | 147.843 |
| Stjórnar- og nefndarlaun | | 1.667.263 | 1.700.000 | 1.598.726 |
| Húsnæðiskostnaður | | 2.934.501 | 2.970.000 | 2.843.627 |
| Rekstur bifreiða | | 2.336.677 | 3.350.000 | 2.483.415 |
| Annar kostnaður | | 16.042.398 | 14.800.000 | 15.455.847 |
| Afskriftir | 8 | 2.350.326 | 1.450.000 | 2.600.206 |
| | | 136.050.740 | 97.629.412 | 95.129.543 |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | 3.460.349 | (81.122) | (5.405.247) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 7 | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.523.985 | 500.000 | 1.549.579 |
| Vaxtagjöld og bankakostnaður | | (705.384) | (350.000) | (659.942) |
| | | 818.601 | 150.000 | 889.637 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | 4.278.950 | 68.878 | (4.515.610) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

| Eignir | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 8 | | |
| Bifreiðar | | 5.199.000 | 5.173.000 |
| Tæki og búnaður | | 923.754 | 902.889 |
| | | 6.122.754 | 6.075.889 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | 9 | 2.994.428 | 3.862.853 |
| Krafa á aðildarsveitarfélögin vegna Brúar lífeyrissjóðs | 5 | 34.936.088 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 135.399 | 740.509 |
| Handbært fé | 10 | 9.392.831 | 4.293.801 |
| | | 47.458.746 | 8.897.163 |
| **Eignir samtals** | | 53.581.500 | 14.973.052 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

## Eigið fé og skuldir

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | |
| Annað eigið fé | 11 | (38.262.480) | (42.541.430) |
| **Skuldir og skuldbindingar** | | | |
| **Lífeyrisskuldbinding** | | | |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 12 | 52.989.671 | 51.098.741 |
| **Skammtímaskuldir:** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 13 | 1.340.028 | 2.511.404 |
| Skuld við Brú lífeyrissjóðs | 5 | 34.936.088 | 0 |
| Ógreidd launatengd gjöld | | 2.578.193 | 3.904.337 |
| | | 38.854.309 | 6.415.741 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | 91.843.980 | 57.514.482 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 53.581.500 | 14.973.052 |

# Sjóðstreymi ársins 2017

| | Skýringar | 2017 | 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | | 4.278.950 | (4.515.610) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 2.350.326 | 2.600.206 |
| Lífeyrisskuldbinding, hækkun | 12 | 5.645.408 | 6.636.720 |
| Söluhagnaður | | (255.000) | (305.000) |
| | | 12.019.684 | 4.416.316 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 1.473.535 | (1.400.667) |
| Breytingar rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (2.497.520) | 3.681.681 |
| Greidd lífeyrisskuldbinding | 12 | (3.754.478) | (3.354.950) |
| | | (4.778.463) | (1.073.936) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 7.241.221 | 3.342.380 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 500.000 | 450.000 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 8 | (2.642.191) | (3.618.312) |
| | | (2.142.191) | (3.168.312) |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 5.099.030 | 174.068 |
| Handbært fé í byrjun ársins | | 4.293.801 | 4.119.733 |
| **Handbært fé í árslok** | 10 | 9.392.831 | 4.293.801 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands starfar samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfssvæði embættisins eru sveitarfélög á Suðurlandi.

Eftirlitið er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur er að Austurvegi 65, 800 Selfossi.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda, geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa tímabils.

## 4. Innlausn tekna

Framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af veittri þjónustu eru innleystar eftir því sem þjónustan er innt af hendi.

## 5. Framlag vegna kröfu Brúar lífeyrissjóðs A-deildar

Á grundvelli laga nr. 127 frá 2016 um breytingar á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1 frá 1997, hefur Lífeyrissjóðurinn Brú sent sveitarfélögum og stofnunum þeim tengdum uppgjör og reikninga vegna breytinga á A-deild sjóðsins. Uppgjörin byggja á samkomulagi sem gert var 19. september 2016 milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambandi Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Fól samkomulagið í sér að breytingar skyldu gerðar á málefnum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Brúar Lífeyrissjóðs.

Samkvæmt reikningum skiptast greiðslur á Heilbrigðiseftirlit Suðurlands með eftirfarandi hætti:

| | Jafnvægis-sjóður | Lífeyrisauka-sjóður | Varúðar-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ................................... | 8.543.071 | 23.829.383 | 2.563.636 | 34.936.090 |

Á árinu 2018 var gert samkomulag um uppgjör og gengið frá greiðslu til Brúar lífeyrissjóðs í febrúar sl.

# Skýringar

## 6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld ársins sundurliðast þannig:

| | |
|---|---|
| Laun | 56.533.147 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga | 5.645.408 |
| Launatengd gjöld | 13.449.080 |
| | 75.627.635 |

Hjá félaginu störfuðu 7 starfsmenn í 6,5 stöðugildum.

## 7. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru færð við greiðslu.

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Bifreiðar | Tæki og búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| **Árslok 2016:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 4.546.000 | 656.783 | 5.202.783 |
| Keypt á árinu | 3.100.000 | 518.312 | 3.618.312 |
| Selt á árinu | (145.000) | 0 | (145.000) |
| Afskriftir | (2.328.000) | (272.206) | (2.600.206) |
| Bókfært verð í árslok | 5.173.000 | 902.889 | 6.075.889 |
| Bókfært verð í árslok 2016 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 14.090.000 | 3.474.532 | 17.564.532 |
| Afskrifað samtals | (8.917.000) | (2.571.643) | (11.488.643) |
| Bókfært verð í árslok | 5.173.000 | 902.889 | 6.075.889 |
| **Árslok 2017:** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 5.173.000 | 902.889 | 6.075.889 |
| Keypt á árinu | 2.350.000 | 292.191 | 2.642.191 |
| Selt á árinu | (245.000) | 0 | (245.000) |
| Afskriftir | (2.079.000) | (271.326) | (2.350.326) |
| Bókfært verð í árslok | 5.199.000 | 923.754 | 6.122.754 |
| Bókfært verð í árslok 2017 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 13.990.000 | 3.766.723 | 17.756.723 |
| Afskrifað samtals | (8.791.000) | (2.842.969) | (11.633.969) |
| Bókfært verð í árslok | 5.199.000 | 923.754 | 6.122.754 |

Bifreiðar, tæki og búnaður eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

# Skýringar

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, framhald

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum nýtingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Bifreiðar | 5 ár |
| Tæki og búnaður | 5 ár |

Áætlaður endingartími og hrakvirði er endurmetið og aðlagað, ef þörf er á, í lok hvers reikningsárs.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði. Þegar eignir eru seldar sem endurmetnar hafa verið sérstaklega, eru fjárhæðir á sérstöku endurmati meðal eigin fjár sem tilheyra viðkomandi eignum millifærðar á óráðstafað eigið fé.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## 9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

## 10. Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## 11. Eigið fé

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Annað eigið fé |
|---|---|
| **Hreyfingar 2016:** | |
| Staða í ársbyrjun | (38.025.820) |
| Tap ársins | (4.515.610) |
| Staða í árslok | (42.541.430) |
| **Hreyfingar 2017:** | |
| Staða í ársbyrjun | (42.541.430) |
| Hagnaður ársins | 4.278.950 |
| Staða í árslok | (38.262.480) |

# Skýringar

## 12. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er færð til skuldar í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingastærðfræðilegrar úttektar í árslok 2017. Breyting á skuldbindingunni er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Áfallin lífeyrisskuldbinding er færð í ársreikninginn. Um er að ræða áætlaðan hluta launagreiðanda í áfallinni lífeyrisskuldbindingu vegna starfsmanna í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Útreikningurinn, sem miðast við árslok 2017, er gerður af tryggingastærðfræðingi eftir sömu forsendum og notaðar eru við úttekt á B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Hlutur launagreiðanda er áætlaður 55,3%.

Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þannig:

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding 1/1 | 51.098.741 | 47.816.971 |
| Afborgun á árinu | (3.754.478) | (3.354.950) |
| Breyting á árinu | 5.645.408 | 6.636.720 |
| | 52.989.671 | 51.098.741 |

## 13. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

# Sundurliðanir

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur:** | | |
| **Tekjur** | | |
| Eftirlitsgjöld | 68.363.918 | 56.462.888 |
| Leyfi og vottorð | 8.243.325 | 7.091.424 |
| Rannsóknir | 5.451.756 | 6.164.984 |
| | 82.058.999 | 69.719.296 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| **Laun og launatengd gjöld** | | |
| Vinnulaun | 56.533.147 | 50.829.352 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindinga | 5.645.408 | 6.636.720 |
| Launatengd gjöld | 13.449.080 | 12.533.807 |
| | 75.627.635 | 69.999.879 |
| **Akstur og dagpeningar** | | |
| Bifreiðastyrkir | 29.172 | 0 |
| Dagpeningar | 126.678 | 147.843 |
| | 155.850 | 147.843 |
| **Stjórnar- og nefndarlaun** | | |
| Stjórnarlaun | 1.405.509 | 1.301.027 |
| Launatengd gjöld | 195.754 | 191.879 |
| Bifreiðastyrkir stjórnarmanna | 66.000 | 105.820 |
| | 1.667.263 | 1.598.726 |
| **Húsnæðiskostnaður** | | |
| Húsaleiga Auðhumla, Selfossi | 2.083.200 | 2.049.600 |
| Húsaleiga í Vestmannaeyjum | 810.545 | 773.112 |
| Annar húsnæðiskostnaður | 40.756 | 20.915 |
| | 2.934.501 | 2.843.627 |
| **Rekstur bifreiða** | | |
| Bensín, dekk ofl | 1.576.553 | 1.711.098 |
| Rekstrarleiga og tryggingar | 760.124 | 772.317 |
| | 2.336.677 | 2.483.415 |

# Sundurliðanir

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| **Annar kostnaður** | | |
| SASS bókhald, reikningagerð ofl | 2.500.000 | 2.500.000 |
| Ráðstefnu- og ferðakostnaður | 726.761 | 701.032 |
| Endurmenntun og námskeið | 47.400 | 19.900 |
| Póstur | 374.347 | 424.972 |
| Sími | 469.857 | 484.040 |
| Ritföng, prentun, pappír | 295.602 | 587.732 |
| Tölvu- og hugbúnaðarþjónusta | 1.902.594 | 1.701.206 |
| Tæki og efni | 857.759 | 865.889 |
| Bækur, blöð og tímarit | 12.700 | 9.900 |
| Auglýsingar | 51.527 | 267.282 |
| Innheimtukostnaður | 27.689 | 47.518 |
| Rannsóknir | 5.771.815 | 6.297.717 |
| Sérfræðiaðstoð | 2.172.802 | 744.800 |
| Veitingar og fundakostnaður | 507.335 | 309.615 |
| Niðurfærsla eftirlitsgjalda | 0 | 76.500 |
| Annar kostnaður | 324.210 | 417.744 |
| | 16.042.398 | 15.455.847 |